

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81/1965.

Forseti Íslands féllst hinn 30. september 1968 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1968 með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965:

### 1. gr.

2. tl. 51. gr. falli brott.

Enn fremur falli niður II. liður 52. gr.

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 30. september 1968.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

9. október 1968.

Nr. 73.

## L Ö G

um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 30 18. apríl 1968, um breyting á lögum nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga inn í lög nr. 44 3. apríl 1963 og gef þau út svo breytt:

### 1. gr.

Rétt til að kalla sig verkfræðinga eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur (civil-ingeniör, diplom-ingeniör), hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

### 2. gr.

Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf eigi skemur en sex ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

### 3. gr.

Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.